

KJARASAMNINGUR

SJÓMANNAFÉLAGS REYKJAVÍKUR

og

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

vegna Landhelgisgæslu Íslands

undirritaður 14. febrúar 2005

Gildistími

1. febrúar 2005 - 30. apríl 2008

1 Kaup

1.1 Mánaðarkaup

Mánaðarlaun fyrir dagvinnu skipverja sem gegnir fullu starfi skulu vera sem hér segir:

Frá 1. febrúar 2005:

1.1.1

| <i>Launaflokkur</i> | <i>1. þrep</i> | <i>2. þrep</i> | <i>3. þrep</i> |
|-----------------------------|----------------|----------------|----------------|
| 100 Bátismaður | 144.808 | 152.048 | 159.650 |
| 101 e. 6 ár hjá LHG | 148.428 | 155.849 | 163.641 |
| 102 e. 12 ár hjá LHG | 152.048 | 159.650 | 167.633 |
| 200 Smyrjari | 131.644 | 138.225 | 145.136 |
| 201 e. 6 ár hjá LHG | 134.935 | 141.682 | 148.766 |
| 202 e. 12 ár hjá LHG | 138.226 | 145.137 | 152.394 |
| 300 Háseti | 125.375 | 131.643 | 138.225 |
| 301 e. 6 ár hjá LHG | 128.509 | 134.934 | 141.681 |
| 302 e. 12 ár hjá LHG | 131.644 | 138.226 | 145.137 |
| 400 Viðvaningur | 113.977 | | |

1.1.1.2 Föst heildarlaun skipverja í fullu starfi skulu vera samsett af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu og 100 yfirvinnutímum og eru frá sama tíma sem hér segir:

| <i>Launaflokkur</i> | <i>1. þrep</i> | <i>2. þrep</i> | <i>3. þrep</i> |
|-----------------------------|----------------|----------------|----------------|
| 100 Bátismaður | 295.191 | 309.950 | 325.447 |
| 101 e. 6 ár hjá LHG | 302.570 | 317.698 | 333.582 |
| 102 e. 12 ár hjá LHG | 309.950 | 325.447 | 341.720 |
| 200 Smyrjari | 268.356 | 281.774 | 295.862 |
| 201 e. 6 ár hjá LHG | 275.065 | 288.819 | 303.259 |
| 202 e. 12 ár hjá LHG | 281.774 | 295.862 | 310.655 |
| 300 Háseti | 255.577 | 268.356 | 281.774 |
| 301 e. 6 ár hjá LHG | 261.966 | 275.063 | 288.817 |
| 302 e. 12 ár hjá LHG | 268.356 | 281.774 | 295.862 |
| 400 Viðvaningur | 232.342 | | |

Launin skulu greidd í 12 mánuði á ári og orlofsfé greiðist því ekki til viðbótar. Þeir skipverjar sem taka laun skv. þessari grein fá ekki greidda yfirvinnu eða álagsgreiðslur skv. öðrum greinum samnings þessa. Um almenn vinnuskil þeirra fer skv. fyrri venju sem sjá má í greinum þessa samnings og starfslýsingu LHG.

Gerir LHG breytingar á vinnu skipverja eða úthaldi skipa frá því sem nú er skal hafa samráð við SR um áhrif þess. Náist ekki samkomulag geta aðilar hvor um sig ákveðið að hverfa frá ákvæðum þessarar greinar með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót. Gilda þá önnur ákvæði samningsins.

Þeir föstu starfsmenn sem starfa skemur en 12 mánuði fá greiddan mánaðarfjölda eða hluta úr mánuði í hlutfalli við starfstíma sinn, orlofsrétt og töku orlofs.

Afleysingamenn sem starfa skemur en 3 mánuði samfelld taka ekki laun skv. þessari grein.

Frídagur afskrifast ekki hjá þeim sem taka laun skv. þessari grein á milli komudags og næsta brottfaradags skips skv. núverandi fyrirkomulagi á úthaldi varðskipa (nú fimmtudagar og föstudagar). LHG hefur þó rétt til að krefjast vinnu í landi eða námskeiðssóknar af þeim félagsmönnum SR sem njóta fleiri frídaga skv. þessu af því marki sem nánara samkomulag LHG og Sjómannafélags Reykjavíkur kveður á um. Þetta fyrirkomulag á frídögum gildir frá 1. janúar 2005.

1.1.2 Launatölur skv. greinum 1.1.1 og 1.1.1.2 taka eftirtöldum hækkunum á samningstímanum:

| | |
|-----------------|-------|
| 1. febrúar 2006 | 2,50% |
| 1. janúar 2007 | 2,25% |
| 1. janúar 2008 | 0,50% |

1.2 Launþrep og starfsaldur

1.2.1 Launþrep ákvarðast eftir starfsaldri sem hér segir:

1. þrep: Byrjunarkaup
2. þrep: Eftir 3 ár
3. þrep: Eftir 7 ár

1.2.2 Aldurshækkunir á kaup skipverja í starfi hjá LHG, ákvarðast af fjölda almanaxsmánaða í starfi.

1.2.3. Starfsaldur við ráðningu ákvarðast af lögskráningardögum skv. sjóferðabók. Slíkur starfsaldur getur þó mest orðið 7 ár. 236 lögskráningardagar jafngilda einu ári í starfsaldri.

1.2.4 Eftir sex mánaða samanlagt starf, skal viðvaningur skráður sem háseti.

Háseti sem náð hefur starfsaldurhækkun og síðar verður bátsmaður, skal njóta starfsaldurshækkunar í hinum nýja launaflokki. Sé enginn bátsmaður skráður, taki einn háseti bátsmannslaun. Eigi að flytja bátsmann er gegnt hefur því starfi í 6 mánuði samfelld eða lengur niður í hásetastarf, skal tilkynna honum þá ákvörðun með minnst 30 daga fyrirvara

Varðandi aldurhækkun á laun, skal starfstími hjá sömu útgerð koma skipverja að fullu til góða.

1.2.5 Eftir sex ára starf hjá Landhelgisgæslunni skulu laun hækka um 2,5% og um 5% eftir 12 ára starf.

1.3 Röðun starfa í launaflokka

1.3.1 Röðun starfsheita í launaflokka verði sem hér segir:

| <u>LFL</u> | <u>Starfsheiti</u> |
|------------|--------------------|
| 100 | Bátsmaður |
| 200 | Smyrjari |
| 300 | Háseti |
| 400 | Viðvaningur |

1.4 Dagvinnutímakaup

- 1.4.1 Tímakaup fyrir dagvinnu í hverjum launaflokki og starfsaldursprepi finnst með því að deila með 173,33 í mánaðarlaunin.

1.5 Yfirvinnutímakaup

- 1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarlaunum skipverjans.
- 1.5.2 Yfirvinna sem unnin er á frívakt á stórhátíðardögum, greiðist með tímakaupi sem nemur 1,375% af mánaðarlaunum skipverjans.

1.6 Kaup fyrir vinnu hluta úr mánuði

- 1.6.1 Dagkaup fyrir hver virkan starfsdag finnst með því að deila með 21,67 í mánaðarkaup. Greiðist það frá mánudegi til föstudags, óháð því hvort frídagar skv. greinum 2.7.1 og 2.7.3 falla á þá daga

1.7 Afleysingakaup

- 1.7.1 Leysi maður af skipverja í hærri stöðu eða öfugt, fer um starfsaldur hans skv. grein 1.2.

1.8. Álagsgreiðslur

1.8.1 Vinna við dufl og legufæri

Frá þeim tíma er vinna hefst og henni lýkur við dufl og legufæri, greiðast aukalega kr. 380,00 fyrir hverja unna dagvinnustund. Greiðsla þessi tekur sömu hundraðshluta hækkingunum og byrjunarlaun háseta.

1.8.2 Viðgerðarstörf

Til að draga úr aðkeyptri viðgerðarvinnu, er um það samkomulag að þeir hásetar sem það vilja og samningur þessi tekur til, sinni viðgerðarstörfum á þilfari svo sem rafsúðu. Fyrir þann tíma sem unnið er við þessi störf greiðist kaupauki, kr. 380,00 fyrir hverja unna klst. Kaupaukinn tekur sömu hundraðshluta hækkingunum og byrjunarlaun háseta.

Dagmenn í vél fá jafnframt greiddan kaupauka fyrir suðuvinnu um borð.

1.9 Persónuuppbót

- 1.9.1 Starfsmaður í fullu starfi skal fá greidda persónuuppbót í desember ár hvert sem nemi:

Á árinu 2005 kr. 39.700

Á árinu 2006 kr. 40.700

Á árinu 2007 kr. 41.800

Starfsmaður sem er við störf í fyrstu viku nóvembermánaðar skal fá greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Desemberuppbót er föst krónutala og tekur ekki

hækkunum skv. öðrum ákvæðum kjarasamningsins. Á desemberuppbót reiknast ekki orlofsfé. Hafi starfsmaðurinn gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á framangreindu tímabili.

Á sama hátt skal einnig starfsmaður sem látið hefur af starfi en starfað hefur samfellt í a.m.k. 3 mánuði (13 vikur) á árinu, fá greidda desemberuppbót, miðað við starfstíma og starfshlutfall. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða í allt að 6 mánuði vegna fæðingarorlofs.

2 Vinnutími

2.1 Sjóvökur og sjóvökuslit

2.1.1 Sjóvökur

Skylt er að setja sjóvökur þegar landfestar eru leystar. Þetta gildir þó ekki um færslu skips milli bryggju í heimahöfn eða í slipp.

2.1.2 Sjóvökuslit

Slíta skal sjóvöku í Reykjavíkurböfn og setja á hafnarvaktir þegar skip er bundið við bryggju.

2.1.2.1 Ekki þarf að slíta sjóvökum utan Reykjavíkurböfn nema skip sé ekki ferðafært að mati skipherra.

2.2 Vinnuskylda

2.2.1 Vinnuskylda skipverja um borð í varðskipum er sjóvökur eru staðnar, skal vera 56 klst. miðað við almanaksviku (7 sólarhringa) en vinnutími dagmanna í vél er 48 klst. Vinnuskyldan skal innt af hendi með 8 klst. sjóvakt/vinnu á sólarhring.

2.2.2 Skipverjar skulu ávallt vera reiðubúniur að hefja vinnu í upphafi vaktar og yfirgefa ekki varðstöðu nema vegna gildra ástæðna.

2.3 Vinnutilhögun

2.3.1 Sjóvökur skulu vera þrískiptar (8 klst. vinna á sólarhring) og tveir hásetar á vöku. Þó er skipherra heimilt að láta einn háseta ganga vakt ef hann telur það óhætt vegna öryggis skipsins enda sé um sjálfstýringu að ræða.

2.3.2 Á skipum 500 rúmlestir og minni skulu sjóvökur vera þrí- eða tvískiptar eftir því sem yfirmenn skipsins ákveða. Á skipum yfir 500 rúmlestir er heimilt að hafa sjóvökur tvískiptar sé um það samkomulag milli háseta, sjómannafélags og LHG.

2.3.3 Skipta skal dagvinnu og vaktavinnu milli háseta nema samkomulag sé um frávik milli aðila. Við skiptingu skal háseti ekki skila meira en 8 klst. sjóvakt og/eða dagvinnu þann sólarhring.

Þegar háseti er kallaður út sem aukamaður á vakt, skal fyrsta vakt utan dagvinnutíma greidd með yfirvinnukaupi. Sé honum haldið áfram á slíkri vakt næstu sólarhringa kemur ekki til slíkrar greiðslu enda fái hann þá sama hvíldartíma og hafi sömu vinnuskyldu og þeir sem ganga vaktir

2.3.4 Vinnutími fyrir dagmenn bæði í vél og á þilfari sé frá kl. 08:00 til 17:00. Hádegis- og kvöldverðartími telst ekki til vinnutíma. Hásetar skulu á vöku sinni vinna hverja þá vinnu er til fellur á skipinu.

Þegar sjóvökur eru staðnar, skulu þeir menn sem eru á verði á tímabilinu frá kl. 18:30 til kl. 06:00 og á sunnu- og helgidögum ekki skuldbundnir til að vinna á varðtímanum, án yfirvinnugreiðslu, önnur störf en þau sem lúta að siglingu skipsins, þ.e. störf sem unnin eru umfram það að stýra skipi, varðstaða á stjórnþalli eða öðrum stað á skipinu (útkík) svo og önnur störf sem tilheyra öryggi skipsins á siglingu.

2.4 Vinna í vélarrúmi

2.4.1 Vinnutími starfsmanna í vél er 8 klst. (þrískipt vakt). Smyrjarar eru skyldugir til þess, bæði á varðtímanum og þegar skip liggur við land, að vinna alla nauðsynlega vinnu við vélarnar.

2.4.2 Á vakt sinni innan tímabilsins frá kl. 20:00 til 06:00, skal smyrjari fá greidda yfirvinnu fyrir aðra vinnu en þá sem lýtur að viðhaldi elda, gæslu véla, rekstri og öryggi skipsins, s.s. að smyrja vélar, pæla, dæla, skola skilvindur o.þ.h.

Þegar skip liggur við land sé ekki unnið utan venjulegs vinnutíma nema verkið þoli ekki bið vegna öryggis skipsins.

2.4.3 Dagmönnum í vél veitist á sunnudögum og öðrum helgidögum, bæði á sjó og við land, frí frá störfum á sama hátt og dagmönnum á þilfari.

2.5 Kvaðning til yfirvinnu

2.5.1 Þegar kallað er á menn til vinnu á frívakt, skal það gert með 20 mínútna fyrirvara ef unnt er og skal yfirvinna greiðast frá þeim tíma liðnum ef maður er reiðubúinn til verka hvort sem vinna hefst þá þegar eða ekki.

2.5.2 Lágmarksgreiðsla fyrir yfirvinnu skal vera 1 klst. nema reglulegur vinnutími viðkomandi manns hefjist innan 1 klst. frá því hann kom til vinnu.

2.5.3 Þegar sjóvökur eru staðnar og útköll eru það tíð að skemmri tími en 1 klst. líður frá lokum yfirvinnu til næsta útkalls, greiðist yfirvinna fyrir þá klst. ef hún er ekki greidd skv. ákvæðum samningsins.

2.6 Hvað telst til yfirvinnu og hvað ekki

2.6.1 Til yfirvinnu telst:

2.6.1.1 Öll vinna í tönkum og undir neðsta gólfi vélarrúms svo sem hreinsun rennusteina, tankdekkis og safnþróar salerna.

2.6.1.2 Vinna sem framkvæmd er í vinnutímanum og menn eru sendir inn í sveifarhús, strokka eða botngrófir véla.

2.6.1.3 Vinna utan skips við lestun eða losun þ.m.t. tenging á olíuleiðslum.

2.6.1.4 Stoppitarnir við land á helgum dögum.

2.6.1.5 Vinna sem unnin er milli vakta eða á helgum dögum, skal greidd skv. almennum reglum samnings þessa um yfirvinnu.

2.1.6.6 Þá er skip fer úr höfn má sjóvaka og vinnutími við land samanlagður ekki fara fram úr 8 klst. á sama sólarhring, ella greiðist fyrir þann tíma sem fram yfir er með yfirvinnukaupi.

- 2.6.2 **Til yfirvinnu telst ekki:**
- 2.6.2.1 Ef skip er í höfn og skipverji á vakt er sendur í land til útréttinga fyrir skipið greiðist ekki yfirvinnukaup.
- 2.6.2.2 Vinna við losun og lestun gashylkja í Reykjavík greiðist ekki sem yfirvinna.
- 2.6.2.3 Vinna við að mála, rústberja og þvo skipið utanborðs innan dagvinnutímabils, greiðist ekki sem yfirvinna.

2.7 Frídagar til sjós

- 2.7.1 Sérstakir frídagar eru þessir, enda beri engan þeirra upp á laugar- eða sunnudag:
1. Nýársdagur
 2. Skírdagur
 3. Föstudagurinn langi
 4. Annar í páskum
 5. Sumardagurinn fyrsti
 6. 1. maí
 7. Uppstigningardagur
 8. 17. júní
 9. Annar í hvítasunnu
 10. Fyrsti mánudagur í ágúst
 11. Aðfangadagur jóla eftir kl. 12:00
 12. Jóladaur
 13. Annar í jólum
 14. Gamlársdagur eftir kl. 12:00
- 2.7.2 Fyrir hvern laugardag og sunnudag svo og sérstakan frídag skv. grein 3.7.1 utan heimahafnar, ávinnur skipverji sér 1 frídag.
- Frídagar þessir skulu veittir á virkum dögum í heimahöfn
- Frídagar þessir afskrifast ekki á komu- og brottfarardögum.
- 2.7.3 Vinni skipverji utan heimahafnar á eftirgreindum stórhátíðardögum, skal hver unninn dagur bættur aukalega með ½ frídegi:
1. Nýársdagur
 2. Föstudagurinn langi
 3. Páskadagur
 4. Hvítasunnudagur
 5. 17. júní
 6. Jóladaur
 7. Aðfangadagur jóla eftir kl. 12:00
 8. Gamlársdagur eftir kl. 12:00
- Frídagar þessir skulu auðkenndir sérstaklega á frídagablaði. Skyllt er að taka út þessa frídaga og skulu þeir veittir á sama hátt og aðrir frídagar.
- 2.7.4 Ef skipverji er í 12 klst. fríi samfleytt miðað við hádegi og miðnætti, jafngildir það ½ útteknum frídegi. Færri klst. reknast ekki sem frí. ½ úttekinn frídagur jafngildir 4 klst. vinnu.
- 2.7.5 Þegar skipverji er afskráður og fer í frí, koma eingöngu virkir dagar til frádráttar áunnum frídagarétti hans en ekki þeir laugar- og sunnudagar eða sérstakir frídagar sem falla á tímabilið.

- 2.7.6 Ekki er heimilt að veita frídaga fyrirfram nema skipverji óski þess og aðstæður leyfi.
- 2.7.7 Þeir áunnir og óteknir frídagar sem ekki hafa verið veittir við afskráningu eða áramót, skulu greiddir með 1/21,67 mánaðarkaupi.
- 2.7.8 Frídagar greiðast á því kaupi er gildir á greiðsludegi í réttu hlutfalli við þá stöðu eða stöður sem skipverji gegndi meðan hann ávann sér frídagana. Þegar menn taka út frídaga skal greiða þá sérstöku frídaga sem falla á tímabilið
- 2.7.9 Sérstakt bókhald skal halda yfir áunna og úttekna frídaga.

2.7.10 **Verslunarfrídagar**

Skipverjar skulu fá hálfan virkan dag frí tvisvar í mánuði eða einn heilan dag í mánuði í erlendri höfn að viðhöfðu samráði við stýrimann eða vélstjóra.

Ekki má halda skipverjum um borð við málningu eða þvotta eða annað slíkt og hafa af þeim þetta frí á annan hátt.

Hafi af einhverjum ástæðum, t.d. að skip hafi ekki viðkomu í erlendri höfn, ekki verið hægt að veita umrædda daga, er heimilt að veita þá í heimahöfn eftir nánara samkomulagi.

Þeir af framangreindum dögum sem ekki hafa verið veittir um áramót eða þegar skipverji hættir störfum, greiðist með 1/30 af mánaðarkaupi með 80% álagi.

2.8 **Greiðsla yfirvinnu til sjós**

- 2.8.1 Yfirvinna til sjós greiðist fyrir sjóvakt umfram 8 klst. vinnu á sólarhring. Yfirvinna greiðist fyrir hverja byrjaða ½ klst. Sama gildir þegar sjóvöku er slitið utan heimahafnar.
- 2.8.2 Á komu- og brottfarardögum þegar sjóvökur eru settar/slitið, skal greiða yfirvinnu fari sjóvaka og vinnutími við land fram yfir 8 klst.

2.9 **Hvíldir til sjós**

- 2.9.1 Nú hefur maður unnið 6 klst. samfelld eða meira í yfirvinnu utan sjóvaktar eða dagvaktar og skal hann þá fá minnst 6 klst. samfellda hvíld ella greiðist áfram yfirvinnukaup þó komið sé fram á dagvinnutímabil eða vakt hlutaðeigandi aðila.
- 2.9.2 Hafi dagmaður unnið 6 klst. samfelld eða meira í yfirvinnu eftir dagvinnutíma, skal veita honum minnst 6 klst. samfellda hvíld ella greiðist áfram yfirvinna þó komið sé fram á dagvinnutímabil hlutaðeigandi aðila.
- 2.9.3 Hafi dagmaður unnið 16 klst. samfelld fyrir og eftir dagvinnutíma að honum meðtöldum, skal veita honum 8 klst. samfellda hvíld ella greiðist áfram yfirvinnukaup. Jafnframt gilda ofangreind hvíldarákvæði þegar unnið er á sunnudögum, sérstökum frídögum og stórhátíðardögum hvort heldur sem sjóvökum er slitið eða ekki.

2.10 Dagvinna í heimahöfn

- 2.10.1 Daglegur vinnutími í heimahöfn er 8 klst. á tímabilinu frá kl. 07:00 til 17:00 frá mánudegi til föstudags. Daglegur vinnutími hefst þegar skipverji mætir á vinnustað skv. ákvörðun LHG og lýkur þegar hann yfirgefur vinnustað skv. ákvörðun LHG.

2.11 Yfirvinna í heimahöfn

- 2.11.1 Yfirvinna greiðist fyrir vinnu umfram 8 klst. á dag svo og fyrir vinnu á laugardögum, sunnudögum, sérstökum frídögum og stórhátíðardögum.
- 2.11.2 Ef skipverji sem ekki gegnir útkallsvakt er kallaður til vinnu eftir lok dagvinnu eða á laugardögum, sunnudögum, sérstökum frídögum og stórhátíðardögum, greiðast að lágmarki 4 klst í yfirvinnu nema reglulegur vinnutími viðkomandi manns hefjist fyrir.

2.12 Hvíldir í heimahöfn

- 2.12.1 Lágmarkshvíld skipverja á varðskipum í heimahöfn skal vera samfelld, minnst 8 klst. á sólarhring.
- 2.12.2 Ekki skal kveðja skipverja á varðskipum til vinnu fyrir en umsömdum hvíldartíma er náð.

3 Matar- og kaffitímar, fæði og mötuneyti

3.1 Matar- og kaffitímar til sjós

3.1.2 Vísun í aðalkjarasamning

3.2 Matar og kaffitímar í heimahöfn

3.2.1 Matartími er 1 klst. á tímabilinu frá kl. 12:00 til 13:00. Heimilt er þó að stytta matartíma í 30 mínútur. Matartími telst ekki til vinnutíma.

3.2.2 Á venjulegum vinnudegi í heimahöfn, skulu vera tveir kaffitímar 20 og 15 mínútur og teljast þeir til vinnutíma. Heimilt er að stytta eða fella niður kaffitíma. Ef kaffitími er stytur eða felldur niður, styttist daglegur vinnutími sem því nemur.

3.3 Fæði til sjós

3.3.1 Um borð í varðskipi skulu skipverjar hafa aðgang að matsal þar sem framreiddur skal hollur og góður matur þeim að kostnaðarlausu.

Á komu- og brottfarardögum skal matur framreiddur í samræmi við þær venjur sem fylgt hefur verið til þessa.

3.4 Fæði í heimahöfn

3.4.1 Þegar skipverjar vinna um borð í skipi í heimahöfn skal LHG leggja þeim til kaffi, te og mjólk.

4 Orlof

4.1 Lágmarksorlof

4.1.1 Lágmarksorlof skipverja er 24 virkir dagar miðaða við fullt ársstarf hjá LHG. Það samsvarar 10,17% orlofsgreiðslu af öllum launum.

4.2 Viðbótarorlof

4.2.1 Eftir 5 ára þjónustu hjá LHG er orlof 27 virkir dagar sem samsvarar 11,59% orlofsgreiðslu af öllum launum.

4.2.2 Eftir 10 ára þjónustu hjá LHG er orlof 30 virkir dagar sem samsvarar 13,04% orlofsgreiðslu af öllum launum.

4.3 Taka orlofs

4.3.1 Orlof telst tekið út á tímabilinu 2. maí til 30. september. Þegar skipverji fer í frí á því tímabili, teljast fyrstu almanaksdagar frísins til orlofs uns fullum orlofsrétti er náð. Geti starfsmaður ekki tekið fullt orlof á áðurgreindu tímabili, teljast fyrstu frídagar er skipverji tekur að loknu tímabilinu til orlofs uns fullu orlofi er náð.

4.4 Veikindi í orlofi

4.4.1 Veikist skipverji hér innanlands í orlofi það alvarlega að hann fái ekki notið orlofsins, skal hann á fyrsta degi, t.d. með símskeyti, tilkynna LHG um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Fullnægi hann tilkynningaskyldunni og standi veikindin samfelld lengur en 3 sólarhringa á hann rétt á uppbótarorlofi jafn langan tíma og veikindin sannanlega vöruðu.

4.4.2 Ef skipverji veikist í orlofi, skal hann ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Telji LHG ástæðu til, getur hún látið lækni vitja skipverja sem veikst hefur í orlofi.

4.4.3 Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er, veitt á tímabilinu 2. maí til 30. september nema sérstaklega standi á.

4.5 Uppgjör orlofs

4.5.1 Uppgjör orlofs fer skv. lögum nr. 30/1987 um orlof.

4.6 Aukafrí, launalaus leyfi

- 4.6.1 LHG skal veita þeim skipverjum er þess óska frí án launa í allt að 36 daga á ári. Frí þetta veitist í samráði við LHG eftir aðstæðum hverju sinni utan orlofstíma.

4.7 Orlofsheimilaskjöldur

- 4.7.1 Greiða skal til orlofsheimilaskjölds Sjómannafélags Reykjavíkur 0,25% af öllum launum þeirra er samningur þessi nær til.

4.8 Orlofsuppbót

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2005 kr. 21.800

Á árinu 2006 kr. 22.400

Á árinu 2007 kr. 23.000

Hinn 1. júní ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Hafi starfsmaður látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða/13 vikna samfelld starf á orlofsárinu, skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé.

5 Ferðir og gisting

5.1 Ferðakostnaður innanlands

- 5.1.1 Kostnaður vegna ferðalaga innanlands á vegum LHG greiðist eftir reikningi enda fylgi fullnægjandi frumgögn. Sama gildir ef hluti vinnudags er unninn svo langt frá föstum vinnustað að starfsmaður þarf að kaupa sér fæði utan heimilis eða fasts vinnustaðar.
- 5.1.2 Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum sé um það samkomulag eða ekki unnt að leggja fram reikning. Um upphæð dagpeninga fer skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins.
- 5.1.3 Fari skipverji í frí í héraðri höfn utan Reykjavíkur, greiðir LHG fargjald hans með áætlunarferð frá skipinu til Reykjavíkur. Farartækið skal valið í samráði við LHG.

5.2 Ferðakostnaður erlendis

- 5.2.1 Fargjöld á ferðalögum erlendis skulu greiðast eftir reikningi enda fylgi ávallt fullnægjandi frumgögn.
- 5.2.2 Annar kostnaður á ferðalögum erlendis greiðist með dagpeningum. Um upphæð þeirra fer skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

6 Aðbúnaður og hollustuhættir

6.1 Aðbúnaður til sjós

- 6.1.1 Þar sem því verður við komið skal vera legubekkur af viðurkenndri gerð og stærð í herbergi skipverja. Skal leitast við að koma honum svo fyrir að hann komi sem mest þvert á hvíluna í herberginu.
- 6.1.2 Íbúðum skal haldið í góðri umhirðu.
- 6.1.3 Úterðin leggur til rúmfatnað og handklæði og sér um þvotta á því.

7 Atvinnuslysatryggingar

7.1 Slysatrygging

- 7.1.1 LHG skal tryggja hvern þann mann sem samningur þessi tekur til, í samræmi við ákvæði 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985.
- 7.1.2 Bætur úr vátryggingu þessari skulu ákvarðast á grundvelli reglna skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum og um hana skulu að öðru leyti gilda almennir skilmálar fyrir slysatryggingu sjómanna hjá aðildarfélögum Sambands íslenskra tryggingarfélaga.
- 7.1.3 Launagreiðandi ábyrgist viðbótartryggingu til hækkunar á eingreiðslu dánarbóta slysatryggingar sjómanna skv. a. og b. liðum 1. tl. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 þegar um er að ræða eftirlifandi maka og börn undir 18 ára aldri.
- Samtala eingreiðslu dánarbóta slysatryggingarinnar skv. 172. gr. siglingalaga og viðbótartryggingar skv. grein þessari verði 6.000.000 kr. frá 1. september 1987. Viðbótartryggingin skal taka sömu verðlagsbreytingum ársfjórðungslega og mælt er fyrir um í 4. mgr. 172. gr. umræddra laga.
- Eigi tjónþoli rétt til bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda, skerðast bætur úr þessari tryggingu sem því nemur.
- 7.1.4 Trygging gegn slysadauða og/eða varanlegri slysaörorku gildir meðan skipverji er skráður á skipið, svo og ef hann er á kaupi hjá LHG vegna slyss eða veikinda enda þótt afskráður sé vegna þess. Jafnframt gildir tryggingin fyrir fastráðinn skipverja á meðan hann er í fríi vegna orlofs eða áunninna frídaga.
- Tryggingin tekur ekki til slysa sem skipverji kann að verða fyrir við störf í þágu annarra en LHG, hvort sem greiðsla er innt af hendi fyrir þau störf eða ekki. Þá tekur tryggingin ekki til slysa er skipverji verður fyrir við arðbæra vinnu í eigin þágu.
- 7.1.5 Dánarbætur greiðast í samræmi við lög , sbr. gr. 7.1.1, en örorkubætur hinum slasaða sjálfum.
- 7.1.6 Trygging þessi skerðir ekki rétt til greiðslu úr lífeyrissjóði.
- 7.1.7 Tryggingafé skv. þessum lið skal koma til frádráttar slysa- eða dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.
- 7.1.8 Auk dánarbóta skv. a. og b. liðum 1. tl. 172. gr. laga nr. 34/1985 skal trygging sem LHG er skylt að kaupa, greiða til dánarbús hins látna helming dánarbóta skv. a.lið 1. tl. 172. gr. ef hann lætur hvorki eftir sig maka eða börn.

7.2 Líftrygging

- 7.2.1 LHG líftryggir hvern þann sem starfar skv. samningi þessum. Líftryggingarfjárhæðin skal vera 1,5 milljónir króna frá 1. júlí 1995 og taka

síðan sömu verðlagsbreytingum ársfjórðungslega og mælt er fyrir um í 4. mgr. 172. gr. siglingalaga. Líftrygging þessi greiðist ekki ef hinn tryggði deyr af völdum slyss.

- 7.2.2 Látí hinn tryggði ekki eftir sig maka eða börn undir 18 ára aldri, skal þó aðeins greiða helming tryggingarupphæðarinnar til dánarbús hins látna. Með maka er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu sbr. 44. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.
- 7.2.3 Tryggingarfjárhæð skv. 8.2.1 lækkar um 4% fyrir hvert aldursár eftir að hinn tryggði nær 50 ára aldri og fellur niður eftir að hann nær 70 ára aldri.
- 7.2.4 Um ofangreinda tryggingu gilda eftir því sem við á að öðru leyti skilmálar líftryggingafélaganna fyrir hóplíftryggingar frá þeim degi að maður kemur til starfa hjá LHG og gildir til þess dags er hann hættir störfum.
- 7.2.5 Veikist skipverji meðan hann var lögskráður og leiði veikindin til dauða innan tveggja mánaða frá afskráningu, gildir tryggingin.

8 Fatnaður

8.1 Einkennis- og vinnufatnaður

- 8.1.1 Við störf sín skulu skipverjar klæðast einkennisfötum skv. ákvörðun LHG.
- 8.1.2 LHG leggur til fatabeiðni til kaupa á einkennis- og vinnufötum skv. reglugerð um einkennisfatnað
- 8.1.3 LHG kostar hreinsun á einkennisfatnaði félagsmanna samnings þessa tvisvar sinnum á ári.
- 8.1.4 Afleysingamenn fá ein vinnuföt, þ.e. buxur, skyrtu og peysu þegar þeir hefja störf hjá LHG. Hætti skipverji áður en 6 mánuðir eru liðnir frá síðustu fataúthlutun má endurkrefja hann um fjárhæð er samsvarar hálfu verði úthlutunarinnar. Fjárhæð þessi komi til frádráttar síðustu útborgun.
- 8.1.5 Þegar hásetar og starfsmenn í vél hafa starfað hjá LHG í 6 mánuði, verða þeim lagðir til öryggisskór og síðan á eins árs fresti.
- 8.1.6 Vinnuföt eru eign LHG.

9 Afleysingar

9.1 Staðgenglar

9.1.1 Aðilar eru um það sammála, að eigi þurfi að jafnaði að fela starfsmanni sérstaklega að gegna starfi yfirmanns nema fjarvera yfirmannsins vari lengur en 7 vinnudaga samfelld. Þetta á þó ekki við um skráningu bátsmanna, sbr. gr. 1.2.4.

9.2 Launað staðgengilsstarf

9.2.1 Sé aðalstarf starfsmannsins launað sem staðgengilsstarf yfirmanns, ber starfsmanni laun skv. flokki yfirmanns, gegni hann starfi hans lengur en 4 vikur samfelld eða hann hafi gegnt starfi yfirmanns lengur en 6 vikur á hverjum 12 mánuðum. Laun skv. flokki yfirmanns greiðast einungis frá lokum nefndra 4 eða 6 vikna.

9.3 Aðrir staðgenglar

9.3.1 Starfsmaður sem ekki er í stöðu staðgengils yfirmanns, en er falið að gegna störfum yfirmanns í forföllum hans eða störfum annars hærra launaðs starfsmanns, skal taka laun skv. launaflokki hins forfallaða starfsmanns þann tíma, er hann gegnir starfi hans.

10 Fræðslumál

10.1 Starfsþjálfun á vegum stofnana

10.1.1 Starfsmaður sem sækir fræðslu- eða þjálfunarnámskeið skv. heimild stofnunar, eða í samræmi við endurmenntunar-/starfsþróunaráætlun viðkomandi stofnunar, skal halda reglubundnum launum á meðan og fá greiddan kostnað skv. ákvæðum 5. kafla.

10.2 Launalaust leyfi

10.2.1 Starfsmaður skal eiga rétt á launalausum leyfi ef honum býðst tækifæri og/eða styrkur til að vinna að tilteknu verkefni, m.a. tengdu starfi hans. Slíkt leyfi skal tekið í samráði við yfirmann stofnunar.

11 Stofnanapáttur og samstarfsnefndir

11.1 Skipan og hlutverk samstarfsnefnda

11.1.1 Hjá þeim stofnunum ríkisins sem fara með framkvæmd kjarasamninga í umboði fjármálaráðherra, skal komið á sjálfstæðum samstarfsnefndum, sem skipaðar eru allt að 2 fulltrúum frá hvorum aðila, þ.e. stéttarfélagi/starfsmönnum og stofnun og 2 til vara. Að öllu jöfnu skal trúnaðarmaður á vinnustað vera í forsvari í nefndinni af hálfu SR. Forstöðumaður tilnefnir fulltrúa stofnunar.

Samstarfsnefnd hafi það hlutverk að koma á sáttum í ágreiningsmálum sem rísa kunna út af samningi þessum.

11.1.2 Hjá þeim stofnunum sem ekki fara með framkvæmd kjarasamninga skulu samningsaðilar með sama hætti tilnefna allt að 2 fulltrúa í samstarfsnefnd og 2 til vara. Fjárýsla ríkisins annast, samkvæmt framsali, þátt fjármálaráðherra fyrir þær stofnanir sem ekki fara með framkvæmd kjarasamninga.

11.2 Starfshættir samstarfsnefnda

11.2.1 Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum til nefndarinnar og kallað hana til starfa. Beina skal erindi til gagnaðila með skriflegum hætti. Gagnaðili skal koma á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Samstarfsnefnd skal svara erindum innan 5 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingu á því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðamótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni nema annað sé sérstaklega ákveðið.

11.2.2 Náist ekki samkomulag í nefndinni innan þriggja mánaða frá því að málið kemur til meðferðar á vettvangi hennar, getur hvor aðila um sig óskað eftir því að inn í samstarfsnefndina komi annars vegar fulltrúi frá ráðuneyti viðkomandi stofnunar og hins vegar fulltrúi tilnefndur af stjórn SR.

12 Réttur starfsmanna vegna veikinda og slysa

12.1 Laun í veikindum og slysatilvikum

- 12.1.1 Um rétt starfsmanna fer skv. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, svo og gr. 5.3. í kjarasamningi farmanna.

12.2 Trúnaðarlæknir

- 12.2.1 Landhelgisgæslunni er heimilt að láta trúnaðarlækni sinn ganga úr skugga um að háseti eða dagmaður í vél sé raunverulega óvinnufær þann tíma sem hann fær greidd veikinda- eða slysaun.

12.3 Veikindi barna

- 12.3.1 Foreldri skal eftir fyrsta starfsmánuð heimilt að verja samtals 10 vinnudögum á hverjum 12 mánuðum til aðhlyningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki komið við. Skipverji skal halda dagvinnulaunum sínum og vaktaálagi þar sem það á við. Þeir skipverjar sem þiggja laun skv. grein 1.1.1.2 skulu halda fullum launum.

13 Styrktar- og sjúkrasjóður

- 13.1.1 Landhelgisgæslan greiðir í styrktar- og sjúkrasjóð viðkomandi félags 1% af sömu kaupliðum og orlof reiknast af.

14 Tilhögun fæðingarorlofs

14.1 Gildissvið

14.1.1 Kafli þessi tekur til foreldris sem er í a.m.k. 25% starfi og starfað hefur í samfelld 6 mánuði fyrir fæðingu barns síns hjá hlutaðeigandi launagreiðanda og er með gilda ráðningu við upphaf orlofsins.

14.2 Réttarstaða starfsmanna í fæðingarorlofi

14.2.1 Um uppsöfnun og vernd réttinda í fæðingarorlofi fer skv. 14. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof.

14.2.2 Starfsmaður sem hefur töku fæðingarorlofs, telst skv. framangreindu vera leystur undan vinnuskyldu á meðan á fæðingarorlofi hans stendur, sbr. 29. gr. framangreindra laga.

14.2.3 Starfsmaður sem er í fæðingarorlofi nýtur réttinda til greiðslu sumarorlofs, persónu- og orlofsuppbótar.

15 Lífeyrissjóðsgreiðslur og viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar

15.1 Lífeyrissjóður

15.1.1 Um lífeyrissjóðsaðild, iðgjöld og lífeyrissjóðsréttindi fer skv. reglum Lífeyrissjóðs sjómanna.

Mótframlag vinnuveitanda skal vera 6% til 31.12.2004, 7,5% frá 01.01.2005, 9,5% frá 01.01.2006 og 11,5% frá 01.01.2007. Mótframlag þetta byggir á eftirfarandi forsendum: Að ekki verði breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna og ef tryggingastærðfræðilegar forsendur leiða til breytingar á mótframlagi hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þá breytist mótframlag samkvæmt þessari grein á sama hátt.

Frá 01.01.2005 fellur niður skylda til að greiða 1% fast í séreignasjóð óháð framlagi starfsmanns.

15.2 Viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar

15.2.1 Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð, greiðir vinnuveitandi framlag á móti allt að 2% gegn 2% framlagi starfsmanns.

16 Launaseðill, félagsgjöld og launatöflur

16.1 Greiðsla launa

16.1.1 Greiðsluháttur

Laun eru greidd í innlánsreikning starfsmanns enda stofni hann til slíks reiknings við þá peningastofnun er hann óskar. Launagreiðandi pósthleggur launaseðil til starfsmanns á skráð lögheimili hans.

16.1.2 Greiðsludagar

Mánaðarlaun eru greidd eftir á fyrsta virka dag hvers mánaðar næst á eftir vinnumánuði. Þá eru einnig greidd laun fyrir yfirvinnu, önnur tímavinnulaun, álög, ferðakostnaður, akstursgjald og aðrar greiðslur fyrir tímabilið frá 16. degi mánaðar til 15. dags mánaðar næst á undan greiðsludegi.

16.1.3 Launaseðill

Við greiðslu launa til starfsmanns á hann rétt á að fá launaseðil merktan nafni sínu. Á launaseðli skulu tilgreind dagvinnulaun starfsmanns það tímabil sem greiðslan tekur til, fjöldi yfirvinnustunda og sundurliðun einstakra tekna og frádráttarliða sem leiða til útgreiddrar fjárhæðar.

16.2 Félagsgjöld

16.2.1 Landhelgisgæslan tekur að sér að halda eftir af kaupi hvers skipverja félagsgjaldi hans til Sjómannafélags Reykjavíkur ef þess er krafist af hálfu félagsins en það ber ábyrgð á því að gjöldin séu rétt krafín.

16.3 Launatöflur

16.3.1 Fjársýsla ríkisins í umboði fjármálaráðuneytisins, reiknar út launatöflur sem af samningi þessum leiðir. Þær skulu sendar SR til umsagnar áður en þær eru birtar í launagreiðslukerfi ríkisins.

17 Félagsmálefni

17.1 Forgangsréttur

17.1.1 Félagar í Sjómannafélagi Reykjavíkur hafa forgangsrétt til starfa á skipum LHG. Á sama hátt gengur LHG fyrir öðrum vinnuveitendum þegar skortur er á hásetum, smyrjurum og viðvaningum til starfa.

17.1.2 Ef skip liggur í höfn og skipverjar eru afskráðir, skulu þeir eiga forgangsrétt til þeirrar vinnu sem inna þarf af hendi til viðhalds og endurbóta á skipinu er þeir hafa kunnáttu til.

17.2 Trúnaðarmenn

17.2.1 Stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur er heimilt að velja sér trúnaðarmann á hverju skipi. Hásetum og dagmönnum í vél er heimilt að snúa sér til trúnaðarmanns með hvers konar óskir eða athugasemdir viðvíkjandi aðbúnaði vegna vinnunnar eða öðru er þeir telja ábótavant. Trúnaðarmaður skal í engu gjalda þess hjá yfirmanni eða stofnun þótt hann beri fram slík mál fyrir hönd skipsfélaga sinna.

17.2.2 Gefa skal trúnaðarmönnum Sjómannafélags Reykjavíkur kost á að sækja trúnaðarmannanámskeið. Skal trúnaðarmaður halda dagvinnulaunum sínum í allt að eina viku á ári þegar hann sækir slík námskeið. Trúnaðarmannanámskeið skulu skipulögð sameiginlega af samningsaðilum og miða að því að gera trúnaðarmenn hæfari til að sinna hlutverki sínu.

17.3 Mönnun

17.3.1 Um fjölda háseta fer skv. gr. 2.12 í samningi farmanna. Ennfremur vísast til rammasamnings Sjómannafélags Reykjavíkur og kaupskipaútgerða frá 24. febrúar 1984.

Bókun 1 frá 31.10.1989:

Samningur þessi miðast við núverandi mönnun varðskipanna.

17.4 Heimahafnir

17.4.1 Heimahafnir varðskipa eru Reykjavík og Helguvík.

18 Skráning, starfsskyldur og uppsagnarfrestur

18.1 Skráning í skipsrúm og afskráning

18.1.1 Um lögskráningu skipverja fer skv. lögum nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna.

18.2 Starfsskyldur

18.2.1 Um réttindi og skyldur sjómanna fer skv. lögum nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands.

18.2.2 Um skipsstörfín fer skv. III. kafla sjómannalaga nr. 35/1985.
Um störf skipverja í landi fer skv. ákvörðun LHG.

Bókun 3 frá 31.10.1989:

Fari ríkisstarfsmaður til starfa á kjör skv. samningi þessum reiknast þjónustualdur að fullu til orlofs. Sama máli gegnir fari maður til starfa í landi á kjörum opinberra starfsmanna.

18.3 Uppsagnarfrestur

18.3.1 Uppsagnarfrestur ráðningarsamnings skal vera 1 mánuður og er hann gagnkvæmur.

18.3.2 Uppsagnarfrestur þeirra sem starfað hafa hjá LHG í 2 ár samfleytt skal vera 3 mánuðir

19 Gildissvið, forsendur og gildistími samningsins

19.1 Gildissvið

19.1.1 Samningur þessi tekur til bátsmanna, háseta, viðvanninga og smyrjara sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands (LHG) um borð í varðskipum.

19.2 Gildistími

19.2.1 Samningur þessi gildir frá 1. febrúar 2005 til 30. apríl 2008 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

19.3 Samningsforsendur

19.3.1 Komi til þess að nefnd Alpýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem fjallar um forsendur kjarasamninga, nái samkomulagi um almenna launabreytingu eða að launaliðir kjarasamninga séu uppsegjanlegir, skal sama gilda um þennan samning.

Reykjavík, 14. febrúar 2005

F.h. samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármálaráðherra

Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)
Gunnar Björnsson (sign.)

F.h. Sjómannafélags Reykjavíkur
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

Birgir H. Björgvinsson (sign.)

B Ó K A N I R

með samningi

Sjómannafélags Reykjavíkur

og fjármálaráðherra

Undirrituðum 14. febrúar 2005

BÓKUN 1

Þar sem vinna gerð samnings þessa hefur dregist úr hömlu vegna utanaðkomandi þátta hafa aðilar orðið sammála um eftirfarandi eingreiðslu.

Greiða skal við fyrstu hentugleika eftir samþykkt samnings þessa sérstaka eingreiðslu að upphæð kr. 141.500- til þeirra sem hafa verið í fullu starfi hjá Landhelgisgæslunni mánuðina september til og með desember 2004 og eru enn í starfi. Aðrir félagsmenn Sjómannafélagsins sem starfað hafa skemur eða einungis hluta úr starfi fá greitt hlutfallslega.

BÓKUN 2

Leitast skal við að minnka vinnu viðvanings í eldhúsi sem þiggur laun skv. gr. 1.1.1.2, þannig vinna hans verði ekki óhófleg miðað við forsendur greinarinnar.

BÓKUN 3

Aðilar munu fara yfir reynsluna af grein 1.1.1.2 fyrir 1. maí 2006 og þá gera þær breytingar sem þurfa þykir og sátt verður um. Hvorum aðila um sig er heimilt að segja greininni upp í maímánuði 2006 með þriggja mánaða fyrirvara og gilda þá önnur ákvæði samningsins til loka samningstímans.

Reykjavík, 14. febrúar 2005